

HVAÐ ER SJÁLFSTJÓRNUN OG HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR HÚN FYRIR ÞROSKA BARNA OG UNGMENNA?

Gríðarleg fjölgun hefur orðið á rannsóknum á sjálfstjórnun (e. self-regulation) á síð-ustu áratugum. Rannsóknir sem sprottnar eru úr margvíslegum fræðilegum grunni hafa sýnt að geta barna, ungmenna og fullorðinna til að stýra eigin hugsun, hegðun og tilfinningum stuðlar að heilbrigðum þroska á fjölmörgum sviðum lífsins, allt frá samskiptum til námsgengis og heilsufars. Því liggur fyrir mikil þekking um þetta hugtak en í ljósi þess að skilgreiningar eru mismunandi er sú þekking brotakennd og erfitt að gefa einfalda, skýra mynd af stöðu hennar. Markmið greinarinnar er að gefa mynd af því hvað felst í hugtakinu sjálfstjórnun og rekja stuttlega hvernig það tengist þroska barna og ungmenna. Hugtakið sjálfstjórnun verður skilgreint, því lýst hvernig það skarast við ýmis tengd hugtök, og greinist frá þeim, svo sem sjálfsgaga og ADHD, muninum á sjálfstjórnun barna og ungmenna verður lýst og greint frá rannsóknum sem skýra hvaða tengsl sjálfstjórnun hefur við farsælan þroska barna og ungmenna.

Efnisorð: sjálfstjórnun, stýrifærni, börn, ungmenni, farsæll þroski, áhættuhegðun

INNGANGUR

Frá aldamótum hefur orðið gríðarleg fjölgun á rannsóknum á sjálfstjórnun (e. self-regulation) og því með hvaða hætti hún hefur áhrif á annan þroska. Þótt fyrir liggi margar skilgreiningar á þessu hugtaki virðist sátt innan fræðasviðsins um að sjálfstjórnun lýsi í grundvallaratriðum getu fólks til að stjórna, breyta eða halda aftur af eigin hugsun, tilfinningum eða hegðun í samræmi við reglur, viðmið, markmið og áætlanir, ýmist meðvitað eða ómeðvitað (Baumeister, Schmeichel og Vohs, 2007; Karoly, 1993; McClelland o.fl., 2017; Steinunn Gestsdóttir og Geldhof, í prentun). Flestar skilgreiningar á sjálfstjórnun endurspeglar þessa hugsun með einhverjum hætti. Af þessu má ráða að sjálfstjórnun er yfirgripsmikið hugtak sem lýsir margvíslegri hegðun fólks þegar það tekst á við umhverfið, allt frá barni sem beinir athygli að krefjandi verkefni í háværum bekk til unglings sem

neitar sér um bíóferð til að læra fyrir próf. Ástæða þess að skilgreining hugtaksins er svo víð og að fyrir liggja mismunandi skilgreiningar á því er að rannsóknir á þessari færni eru sprottnar úr margs konar fræðilegum grunni. Kenningar og rannsóknir á sjálfstjórnun eru flestar grundaðar í sálfræði en út frá ýmsum sjónarhornum, til dæmis hugfræði, taugasálfræði, persónuleikasálfræði, félagssálfræði og þroskasálfræði. Að auki hefur sjálfstjórnun verið skoðuð innan ramma annarra fræðigreina, svo sem heimspeki, afbrotafræði og geðlæknisfræði (Duckworth og Kern, 2011).

Mismunandi beiting hugtaksins kallar á mismunandi aðgerðabindingu og mælingar. Innan sálfræði er einn skýrasti munurinn á mismunandi leiðum við að rannsaka sjálfstjórnun sjálfsagt munurinn á því að mæla hegðun beint eða láta þátttakendur sjálfa leggja mat á sjálfstjórnunarfærni (Duckworth og Kern, 2011). Í rannsóknum grunduðum í hug- og taugasálfræði er iðulega lögð áhersla á stjórnun hugsunar, oft á afmörkuðum hugarænum ferlum. Algengast er að þær beinist að stýringu athygli, minnis og viðbragðs og annarri stýrifærni (e. executive functioning). Stýrifærni vísar til getu fólks til að halda aftur af viðbragði (e. inhibition), stjórnunar athygli og vinnsluminnis (e. working memory) (Schmitt, Geldhof, Purpura, Duncan og McClelland, 2017). Rannsóknir á stýrifærni styðjast iðulega við mælingar á viðbragði sem oft er mælt í sekúndubrotum, til að mynda hversu auðvelt fólk á með að halda aftur af viðbragði (svo sem að ýta á ör á lykaborði sem er í gagnstæða átt við ör sem birtist á skjá) eða halda upplýsingum í minni (til dæmis að ýta á áreiti í réttari röð eftir fyrirætlum sem gefin voru áður). Rannsóknir sem styðjast við sjálfsmat snúa oftast að því hversu auðvelt fólk á með að stýra og halda aftur af tilfinningum, hugsun og hegðun í fjölbreyttum aðstæðum og á löngum tíma. Sem dæmi má nefna marga sjálfsmatslista þar sem fólk er beðið að meta hversu auðvelt það eigi með að halda aftur af tilfinningum, standast freistingar, setja sér markmið, gera áætlun til að því markmiði verði náð eða halda sínu striki þegar á móti blæs. Augljóslega er ekki hægt að meta slíka hegðun með mælingum á tíma, eins og þegar um stýrifærni er að ræða (Duckworth og Kern, 2011).

Þrátt fyrir að skilgreiningar á sjálfstjórnun séu að einhverju leyti breytilegar eiga rannsóknir sem byggðar eru á ólíkum fræðilegum grunni, eða styðjast við mismunandi aðferðir við að meta sjálfstjórnun, það sammerkt að sýna fram á jákvæð tengsl sjálfstjórnunar við ýmiss konar farsælan þroska, svo sem námsárangur og gott heilsufar, og neikvæð tengsl við margs konar erfiðleika, svo sem áhættuhegðun og kvíða. Sýnt hefur verið fram á slík tengsl meðal barna, ungmenna og fullorðinna í ýmsum menningarheimum, eins og fjallað verður um síðar í þessari grein (Bandura, 2001; Brandstädter, 2006; Demetriou, 2000; McClelland o.fl., 2017). Einmitt í ljósi þess hversu nátengd sjálfstjórnun er ýmiss konar mælingum á velferð fólks á öllum aldri hefur hún orðið eitt mest áberandi viðfangs-efni sálfræðirannsókna á þessari öld.

Af framangreindu má ráða að sjálfstjórnun felur í sér margvísleg ferli og jafnframt að geta fólks til að stýra eigin hugsun og hegðun er lykillinn að því að fólk geti mótað eigið þroskaferli og stuðlað að eigin farsæld. Í þessu felst bæði styrkleiki og veikleiki hugtaksins. Það nær yfir svo margvíslega færni og tengist svo margs konar hegðun að hætta er á að merking þess verði óljós og þar af leiðandi ekki skýrt hvernig sjálfstjórnun stuðlar að farsælum þroska eða hvernig er hægt að stuðla að slíkri stjórnun. Í næsta kafla verður

fjallað nánar um hugtakið sjálfstjórnun, það er hvað það þýðir nákvæmlega að fólk stýri eigin hugsun, hegðun og tilfinningum. Í ljósi þess hversu gríðarlegum breytingum sú geta tekur með aldri er þessari færni lýst annars vegar í barnæsku og hins vegar á unglings- og fullorðinsaldri. Því næst verður sérstaklega vikið að viðamestu rannsóknarsviðum sem vissulega taka til stjórnunar á hugsun, hegðun eða tilfinningum á einhvern hátt en notuð eru um önnur hugtök en sjálfstjórnun, það eru hugtökin sjálfsgagi, þrautseigja, tilfinningastjórnun og ADHD (e. attention deficit hyperactivity disorder). Að lokum er fjallað um það hvað rannsóknir segja okkur um hlutverk sjálfstjórnunar í farsælum þroska og erfiðleikum og hvernig má styðja þessa færni.

SJÁLFSTJÓRNUN Í BARNÆSKU OG Á UNGLINGSÁRUM

Sjálfstjórnun tekur miklum breytingum í barnæsku og á unglingsárum og þótt vissulega feli hún alltaf í sér einhvers konar stjórnun tilfinninga, hugsunar eða hegðunar er óhjákvæmilegt að það sé að einhverju leyti ólíkt við hvað er átt eftir því um hvaða aldur er að ræða. Til að gefa betri innsýn í það hvað sjálfstjórnun felur í sér verður í þessum kafla lýst birtingarmynd hennar og hvernig hún breytist í barnæsku og á unglingsárum.

Sjálfstjórnun í barnæsku

Eitt meginviðfangsefni barnæskunnar er að efla sjálfstjórnunargetu, það er að barn nái aukinni stjórn á eigin hugsun, hegðun og tilfinningum. Við fæðingu hafa börn takmarkaða stjórn á líffræðilegum og sálfræðilegum þáttum og foreldrar stjórna yfirleitt hegðun þeirra að miklu leyti, til dæmis með því að hugga barn sem grætur þar til það nær stjórn á tilfinningum sínum. Strax á fyrsta árinu taka börn gríðarmiklum framförum í að ná slíkri stjórn, allt frá því að geta farið að stýra hreyfingum til þess að eiga auðveldara með að halda aftur af gráti (Kopp, 1982; Shonkoff og Phillips, 2000). Þessar framfarir í sjálfstjórnun eru að miklum hluta til komnar fyrir tilstilli heilaproska, sem er gríðarmikill á fyrstu árum ævinnar, og er nauðsynleg undirstaða flestra þeirra framfara sem börn taka (Heatherton, 2011; Wagner og Heatherton, 2016). Þótt áhrif heilaproska séu vissulega mikil í þróun sjálfstjórnunar, má ekki gera lítið úr því að styðjandi uppeldishættir gegna einnig lykilhlutverki í að efla getu barna til að ná stjórn á eigin hugsun, hegðun og tilfinningum (Grolnick og Ryan, 1989). Sams konar þróun heldur áfram á leikskólaaldri, þegar börn verða almennt mun betri í að halda aftur af ýmiss konar hegðun (til dæmis að grípa ekki fram í fyrir öðrum eða að ryðjast ekki fram fyrir í röð) og stýra og beina athygli (til dæmis að hlusta á sögu eða muna og fylgja eftir leiðbeiningum) (Kalpidou, Power, Cherry og Gottfried, 2004; Kopp, 1982; McClelland, Ponitz, Messersmith og Tominey, 2010). Þessi aukna geta til að stýra eigin hugsun, hegðun og tilfinningum er gríðarmikilvæg fyrir allar hliðar þroska, það er tilfinningalegan, félagslegan, líkamlegan og vitrænan þroska. Í flestum samfélögum miða uppeldis- og kennsluhættir að því að styðja þessa þróun (Niemiec og Ryan, 2009). Því er algengt að í starfi á leikskólastigi sé lögð áhersla á að börn nái aukinni sjálfstjórnun svo þau hafi þá færni sem þau þurfa til að blómstra

í grunnskóla, svo sem að geta samið við önnur börn og geta farið eftir leiðbeiningum án mikillar stýringar frá kennara eða öðrum (Blair og Razza, 2007; Caspi, Henry, McGee, Moffitt og Silva, 1995; McClelland, Cameron, Wanless og Murray, 2007; Suchodoletz, o.fl., 2013). Á grunnskólaaldri heldur þessi þroski áfram þótt breytingar séu ekki jafn hraðar og á fyrstu árunum. Eftir því sem sjálfstjórnun barna eykst eru gerðar auknar kröfur til þeirra, bæði félagslega og í tengslum við nám, til dæmis er ætlast til að börn á grunnskólaaldri geti í síauknum mæli leyst ágreining sjálf, leysi sífellt flóknari verkefni og vinni sjálfstætt í námi.

Sjálfstjórnun á unglingsárum

Þótt börn nái yfirleitt grundvallarstjórnun á skapi og hegðun á grunnskólaaldri verða veigamiklar breytingar á sjálfstjórnun á unglingsaldri. Eins og áður má rekja þessar breytingar að stórum hluta til heilabroska. Þótt heilabroski sé aldrei jafn hraður og á fyrstu árum ævinnar verða viðmiklar breytingar á uppbyggingu og virkni heilans fram yfir tvítugt, en þá verða bæði breytingar á hvíta og gráa efni heilans, það er taugamótum fjölgar og þær tengingar sem notaðar eru styrkjast. Þroski heilans á þessum aldri verður til þess að hugsun unglinga verður sveigjanlegri og flóknari en í barnæsku. Þroski á sér ekki síst stað í framennisberki, en virkni í þeim stað heilans tengist ýmissi flókinni hegðun, svo sem áætlanagerð og getu til að halda aftur af hegðun (Magar, Phillips og Hosie, 2010; Quinn og Fromme, 2010; Steinberg, 2010; Zelazo og Lee, 2010). Þessar framfarir í þroska heilans og stýrifærni gera það til dæmis að verkum að unglingum verður fært að stýra hugsun og hegðun ekki bara hér og nú, heldur einnig til lengri tíma. Það er að segja, öflugri hugsun gerir ungmennum betur kleift að ákveða hver viðbrögð þeirra verða við aðstæðum hverju sinni (til dæmis byggt á þeim markmiðum sem þau hafa sett sér) í stað þess að vera háð ósjálfráðum viðbrögðum.

Steinunn Gestsdóttir og Richard Lerner (2007, 2008) skilgreindu meðvitaða sjálfstjórnun (e. intentional self-regulation) sem flókna stjórnun hugsunar og hegðunar sem geri fólki kleift að setja sér langtímamarkmið og stjórna athygli, áhugahvöt og hegðun til að fylgja þeim eftir. Meðvituð sjálfstjórnun gerir fólki kleift að forgangsraða markmiðum, skipuleggja flóknar athafnir og sjá fyrir afleiðingar þeirra, leita margvíslegra leiða til að ná markmiði, fylgjast með hvernig því gengur að vinna að markmiði og bregðast við ef upphafleg áætlun stenst ekki. Slík sjálfstjórnun hafði verið mest skoðuð í tengslum við velferð á fullorðins- og efri árum ævinnar, en Steinunn og Lerner lögðu áherslu á að slík sjálfstjórnun skapaðist og eflidist á unglingsárum og hefði veigamikla þýðingu fyrir velferð ungmenna. Dæmi um meðvitaða sjálfstjórnun er yfirleitt ekki að finna í barnæsku en á unglingsárum fer yfirleitt að bera á því að fólk setji sér langtímamarkmið (til nokkurra mánaða eða ára, til dæmis í tengslum við nám eða félagsleg sambönd) og áætlanir um hvernig þeim verði náð (Baumeister o.fl., 2007; Brandstädter, 2006; Demetriou, 2000). Sem dæmi um slíka sjálfstjórnun má nefna ungling sem setur sér það markmið að ljúka menntaskóla. Til þess þarf hann að setja sér undirmarkmið og forgangsraða þeim, mæta til dæmis í kennslustundir, læra utan skólatíma og standast próf í hverjum áfanga. Ef hann stjórnar hugsun og hegðun svo þessum undirmarkmiðum verði náð, svo sem að beita sig

aga til að forgangsraða námi fram yfir skemmtanalíf, er líklegra að yfirmarkmiðinu (að ljúka menntaskóla) verði náð. Þetta dæmi leiðir í ljós einn meginmuninn á sjálfstjórnun barna annars vegar og ungmenna hins vegar, en börn setja sér sjaldan eða ekki langtímamarkmið sem krefjast flókinnar útfærslu og forgangsroðunar markmiða og aðgerða (Brandstädter, 2006).

Þrátt fyrir að sjálfstjórnun sem felur í sér að bregðast skjótt við áreiti eða að stýra hegðun til langs tíma sé augljóslega ólík er margt sammerkt með þessum mismunandi tegundum sjálfstjórnunar. Þannig hvílir geta til meðvitaðrar sjálfstjórnunar á grundvallarfærni eins og stýrifærni. Til þess að geta mótað og staðið við langtímaáætlanir þarf að stýra athygli að mikilvægum áreitum og frá truflunum, notkun vinnsluminnis er nauðsynleg til að bera saman áætlanir og eigin hegðun/árangur og einstaklingurinn þarf að halda aftur af viðbragði sem er líklegt til að torvelða leið að markmiði og velja aðra hegðun sem hæfir betur til að ná flóknum markmiðum (Steinunn Gestsdóttir og Geldhof, í prentun; Steinunn Gestsdóttir og Lerner, 2008).

Á síðustu árum hefur borið sífellt meira á rannsóknum þar sem langtímamarkmiðssetningar ungmenna eru til skoðunar. Sem dæmi hafa Moilanen (2007), Nurmi (1991) og Steinberg og félagar (2009) lagt áherslu á það hvernig ungmenni öðlast aukinn skilning og áhuga á framtíðinni og hvaða áhrif það hefur á hegðun þeirra. Sýn á framtíðina og setning langtímamarkmiða kallar á að gerður sé greinarmunur á sjálfstjórnun sem snýr að því að bregðast við aðstæðum hverju sinni (eins og að halda aftur af viðbragði) og sjálfstjórnun sem gengur út á að stýra hugsun og hegðun í samræmi við langtímamarkmið. Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem ungmenni eldast eru þau líklegri til að hugsa um og gera áætlanir um framtíðina, ásamt því að gera langtímaáætlanir (Nurmi, 1991). Um leið öðlast þau aukinn skilning á eigin getu og móta sjálfsmynd sína, sem hvort tveggja gerir þau betri í að gera raunhæfar framtíðaráætlanir. Því stuðlar aukinn sjálfsskilningur og félagsþroski, auk heilabroska, að því að ungmenni taki framförum í meðvitaðri sjálfstjórnun og að þeirra eigin markmiðssetning, og þar af leiðandi meðvituð sjálfstjórnun, fari að veða þyngra í velferð þeirra en áður (Steinunn Gestsdóttir og Lerner, 2008).

HVAÐ ER ÞÁ EKKI SJÁLFSTJÓRNUN?

Í ljósi þess að geta fólks til að stjórna eigin hegðun er lykilmæli hefur hún verið umfjöllunarefni rannsakenda í ýmsum fræðigreinum, eins og áður hefur verið vikið að. Það er ein ástæða þess að rannsóknir hafa verið stundaðar á margs konar fyrirbærum sem eru nátengd, og jafnvel skarast við, sjálfstjórnun eins og hún er skilgreind í þessari grein, án þess að vera felld undir það hugtak. Þetta gerir umfjöllun um sjálfstjórnun brotakenndari en hefur einnig leitt til þess að fyrir liggur mikið af rannsóknum á því hvernig fólk hefur stjórn á eigin hugsun, hegðun og tilfinningum. Í þessum kafla munum við fara yfir yfirgripsmestu rannsóknarsviðin sem eru nátengd sjálfstjórnun þar sem þau vísa til getu fólks til að stýra sér, en þar sem annars konar hugtök eru notuð. Við skoðum einnig að hvaða leyti þau hugtök tengjast sjálfstjórnun og að hvaða leyti þau eru frábrugðin skilgreiningunni á því hugtaki.

Er sjálfstjórnun það sama og sjálfsagi? Hvað með þrautseigju (e. grit)?

Vert er að benda á að hér er gerður greinarmunur á sjálfstjórnun og því sem yfirleitt er átt við með orðinu sjálfsagi (e. self-control) í daglegu tali. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á sjálfsaga, það er getu fólks til að halda aftur af löngunum sínum, til dæmis í mat eða kynlíf. Þær rannsóknir beinast þannig að því sem kalla má skort á sjálfstjórnun, það er hvernig líttill sjálfsagi leiðir til ýmiss konar óæskilegrar hegðunar og óheilbrigðis, svo sem þátttöku í afbrotum og ofþyngdar (sjá til dæmis Evans, Fuller-Rowell og Doan, 2012). Eins og sjá má á þessari stuttu lýsingu er munurinn á sjálfsaga og sjálfstjórnun að hluta falinn í því að í kenningum um sjálfstjórnun er lögð áhersla á það hvernig einstaklingur bregst við áreiti af yfirvegum, oft með tilliti til langtímaáætlana, en sjálfsagi vísar til fyrstu viðbragða við áreiti, sem oft eru ósjálfráð (McCullough og Willoughby, 2009). Meðal fræðimanna sem rannsaka þroska barna og ungmenna er algengt að sjálfsagi sé talinn einn undirþáttur sjálfstjórnunar eða nauðsynlegur undanfari flóknari sjálfstjórnunar, svo sem meðvitaðrar sjálfstjórnunar (Kopp, 1982). Því er sjálfsagi ekki réttnefni yfir sjálfstjórnunarfærni eins og því hugtaki er beitt í þessum kafla þótt augljóslega séu mikil tengsl þarna á milli.

Á síðasta áratug hefur annað hugtak sem er náskyld sjálfstjórnun, þrautseigja (e. grit), öðlast mikla athygli í fræðum tengdum velferð barna og ungmenna. Angela Duckworth (Duckworth, Peterson, Matthews og Kelly, 2007) hefur verið leiðandi á sviði rannsókna á þrautseigju, það er getunni til að vinna þrotlaust að markmiði þrátt fyrir erfiðleika eða mótlæti. Því reynir þrautseigja á áhugahvöt og sjálfsaga – í stuttu máli má segja að þrautseigja sé geta til að bíta á jaxlinn. Skrif og rannsóknir Duckworths og samstarfsfólks hennar á þrautseigju hafa haft umtalsverð áhrif á starfsemi með börnum og unglingum, ekki síst í tengslum við skólustarf. Af framantöldu má ráða að mikil líkindi eru með hugmyndum um þrautseigju og meðvitaða sjálfstjórnun, ekki síst hvað varðar áherslu á langtímamarkmið. Með nánari samanburði á hugtökunum má þó finna rök fyrir því að kenningar um meðvitaða sjálfstjórnun leggi meiri áherslu á sveigjanleika, til dæmis getu til að endurskoða forgangsroðun markmiða þegar á móti blæs í stað þess að gefast aldrei upp, og að samspil (e. interaction) einstaklings og aðstæðna gegni lykilhlutverki í sjálfstjórnun. Samkvæmt kenningum um meðvitaða sjálfstjórnun ræðst hún að hluta af umhverfinu, það er útkoman veltur á því hversu vel eiginleikar einstaklings og umhverfis fara saman. Góð sjálfstjórnun einkennist meðal annars af því að aðlaga eigin hegðun að umhverfinu, sem aftur veldur breytingum á umhverfinu, og eykur þannig líkur á að markmiði sé náð. Þannig að þótt það sé augljós skörun á milli kenninga um sjálfstjórnun og þrautseigju er lögð meiri áhersla á sjálfsaga og að fólk hafi brennandi áhuga á markmiðum í kenningum um þrautseigju.

Hvað með tilfinningastjórnun?

Algengt er að greint sé á milli tilfinningastjórnunar (e. emotional self-regulation) og vitrænnar sjálfstjórnunar (e. cognitive self-regulation) (McClelland o.fl., 2010), auk þess sem sumar skilgreiningar á sjálfstjórnun undanskilja tilfinningastjórnun. Tilfinningastjórnun, sem stundum er kölluð „heit“ sjálfstjórnun, vísar til þess hversu auðvelt fólk á með að stjórna upplifun tilfinninga og tjáningu þeirra (Eisenberg, Smith, Sadovsky og Spinrad, 2004; Willoughby, Kupersmidt, Voegler-Lee og Bryant, 2011). Tilfinningastjórnun felur

vissulega í sér stjórnun hugsunar og hegðunar (til dæmis getur fólk reynt að forðast aðstæður eða fólk sem kemur viðkomandi í uppnám) en á sér stað í tengslum við áreiti sem vekur sterkar tilfinningar, svo sem reiði eða löngun.

Margar af fyrstu rannsóknunum á sjálfstjórnun sneru að tilfinningastjórnun og sjálfsaga. Walter Mischel var brautryðjandi í rannsóknum á sjálfstjórnun. Hann rannsakaði getu barna til að standast freistingar (e. delay of gratification) með frægum „sykurpúðatíraunum“ á seinni hluta liðinnar aldar (Baumeister o.fl., 2007; Mischel, Shoda og Rodriguez, 1989) þar sem hann bauð börnum einn sykurpúða sem þau máttu borða samtundis, en ef barn beið í vissan tíma án þess að borða sykurpúðann fékk það tvo sykurpúða síðar (Mischel o.fl., 1989). Rannsóknir Mischel og annarra hafa bent til þess að þeim börnum sem geta beiðið lengur gangi betur á margvíslegum mælingum á fullorðinsárum, allt frá líkamlegri heilsu til menntunar (Mischel, Ebbesen og Raskoff Zeiss, 1972). Ályktun Mischel var að geta barnanna til að horfa fram hjá örvandi hluta áreitis (til dæmis að beina athygli frá lykt og bragði sykurpúðans) væri lykillinn að velferð þeirra. Þrátt fyrir að síðari rannsóknir bendi til þess að áhrif þeirrar getu séu ef til vill ekki jafn mikil og Mischel taldi upphaflega, eða að minnsta kosti séu þau tengsl háð öðrum sálfræðilegum og félagslegum þáttum, þá mörkuðu sykurpúðarannsóknirnar upphaf að þeim mikla áhuga í sálfræði og skyldum greinum sem á eftir fylgdu á sjálfsaga og hlutverki hans í farsælli þroskafrávindu fólks (Woolley og Fishbach, 2017).

Mikilvægt er að taka tilfinningastjórnun til greina í umfjöllun og rannsóknum á sjálfstjórnun almennt. Sem dæmi má nefna að til að ná markmiðum sínum, sérstaklega langtímamarkmiðum, þarf fólk yfirleitt að stýra (meðal annars halda aftur af) upplifun tilfinninga eða tjáningu þeirra og að áhugahvöt ræður miklu um það hvort langtímamarkmiðum verður náð. Sem dæmi þarf unglingur yfirleitt að hemja ýmiss konar langanir (til dæmis til að vera í símanum frekar en að læra) til þess að ná árangri í námi og áhugahvöt leikur lykilhlutverk í slíkri stjórnun; til dæmis stýrir hún því hversu mikið viðkomandi er tilbúinn að leggja á sig til að ná tilteknu markmiði. Því er nauðsynlegt að skoða tilfinningastjórnun sem þátt í sjálfstjórnun, sérstaklega meðvitaðri sjálfstjórnun, þar sem hún ræðst að hluta af því hversu vel viðkomandi gengur að stýra eða virkja tilfinningar og áhugahvöt.

Eru tengsl á milli sjálfstjórnunar og ADHD?

Ekki er hægt að ljúka umfjöllun um hugtök nátengd sjálfstjórnun án þess að víkja sérstaklega að athyglisbresti með ofvirkni (ADHD). Rannsóknir á ADHD eru sennilega með stærstu rannsóknarsviðum sem lýsa stýringu á eigin hugsun og hegðun án þess þó að kalla þá færni sjálfstjórnun. ADHD er skilgreint sem röskun á taugaþroska sem einkennist af viðvarandi erfiðleikum með einbeitingu, ofvirkni og hvatvísi (American Psychiatric Association, 2013). Sjálfstjórnun er oft talin tengjast náíð athyglisbresti með ofvirkni (McClelland o.fl., 2017) og hafa sumir gengið svo langt að vilja kalla ADHD „röskun á sjálfstjórnun“ (eða röskun á þeirri stýrifærni sem liggur henni til grundvallar) en þekktasta kenning um þetta er úr smiðju Barkley (1997, 2015). Orsakaþættir ADHD eru líklega flóknir og margþættir (Castellanos og Tannock, 2002) en rannsóknir hafa þó sýnt að stýrifærni er að öllu jöfnu skert meðal barna og ungmenna með ADHD og enn fremur að þessi skerðing getur haldist fram á fullorðinsár. Erfiðleikarnir geta falist í slöku vinnsluminni, hömlun viðbragða

og athyglisstjórnun. Niðurstöður eru aftur á móti nokkuð misvísandi þegar kemur að því hvers konar skerðingu á stýrifærni má greina meðal barna, ungmenna og fullorðinna með ADHD og greinilegt er að mikill einstaklingsmunur er þar á (Halperin, Trampush, Miller, Marks og Newcorn, 2008; Patros o.fl., 2016; Pauli-Pott og Becker, 2011; Willcutt, Doyle, Nigg, Faraone og Pennington, 2005). Tengsl milli slakrar stýrifærni og annarra raskana, svo sem afmarkaðra námserfiðleika og hegðunarvanda, hafa einnig fundist og má leiða að því líkur að skerðing stýrifærni sé hvorki nauðsynlegur né nægjanlegur þáttur þegar kemur að ADHD (Willcutt o.fl., 2005).

Börn og ungmenni með ADHD geta einnig átt í erfiðleikum með tilfinningastjórnun (Nigg, Hinshaw og Huang-Pollack 2006). Þau eiga þannig oft erfitt með að stýra hegðun, hugsun eða tilfinningum sem eru ýmist félagslega óviðeigandi eða samræmast ekki langtímamarkmiðum þeirra eða velferð (Barkley, 2010; McClelland o.fl., 2017). Börn og ungmenni með ADHD geta því átt erfitt uppráttar í skólakerfinu, sem má svo rekja til erfiðleika með hegðunar- og tilfinningastjórnun (Martin, Burns og Collie, 2017). Rannsóknir benda til þess að þjálfun sem miðar að því að auka sjálfstjórnun eða undirliggjandi stýrifærni barna með ADHD geti komið að gagni (Reid, Torkelson-Trout og Schartz, 2005). Slík inngrip geta hjálpað börnum að halda sig við efnið, dregið úr óviðeigandi hegðun og jafnvel bætt námsgengi þeirra. Aftur á móti er ekki enn ljóst að hvaða marki þessi áhrif þjálfunar haldast yfir lengri tíma, sérstaklega þegar kemur að námsárangri (DuPaul, Kern, Gormley og Volpe, 2011; Reid o.fl., 2005). Þótt tengsl ADHD og stýrifærni hafi verið töluvert mikið rannsökuð er minna vitað um það hvernig flóknari sjálfstjórnun, svo sem meðvitaðri sjálfstjórnun, er háttáð meðal ungmenna með ADHD og er frekari rannsókna því þörf.

HVAÐA PÝÐINGU HEFUR SJÁLFSTJÓRNUN FYRIR LÍF FÓLKS?

Hér hefur ítrekað verið vísað til þess að sjálfstjórnun sé mikilvæg fyrir hegðun og líðan fólks. Í þessum kafla munum við gefa stutt yfirlit yfir rannsóknir sem sýnt hafa fram á tengsl sjálfstjórnunar við annars konar þroska í barnæsku og á unglingsárum.

Hvaða áhrif hefur sjálfstjórnun á þroska barna og unglinga?

Eins og vikið var að í upphafi greinarinnar eru uppi ýmsar skilgreiningar á sjálfstjórnun. Rannsóknir á sjálfstjórnun eiga þó flestar það sammerkt að þær hafa sýnt fram á tengsl hennar við jákvæða hegðun og líðan, og það skýrir þá miklu athygli sem þetta hugtak hefur öðlast bæði meðal fræðimanna og fagfólks.

Í barnæsku hafa skýrust tengsl sennilega fundist milli sjálfstjórnunar (ekki síst stýrifærni) og gengis í námi. Það er almennt viðurkennt að sjálfstjórnun er gríðarmikilvæg fyrir skólagöngu, þar sem hún auðveldar börnum að aðlagast skólaumhverfinu og stuðlar að því að þeim lyndi við skólafélaga sína, þau geti nýtt sér námsumhverfið og stundað sjálfstætt heimanám (Blair og Diamond, 2008). Í ljósi þess að sjálfstjórnun er lykilmærni til að börn geti hafið formlega skólagöngu er algengt að starf í leikskólum miði markvisst að því að efla sjálfstjórnunarfærni (Blair og Diamond, 2008; Diamond, Barnett, Thomas og

Munro, 2007). Mikill fjöldi rannsókna staðfestir að geta til að stýra tilfinningum, athygli og hegðun tengist árangri í ýmsum námsgreinum, einnig eftir að tekið hefur verið tillit til annarra mikilvægra þátta sem hafa áhrif á námsárangur, svo sem greindar, fyrri námsárangurs og menntunar foreldra (Best og Miller, 2010; Blair og Razza, 2007; Boelema o.fl., 2014; Duncan o.fl., 2007; McClelland, Acock og Morrison, 2006; McClelland, Cameron, Connor, o.fl., 2007; McClelland, Morrison og Holmes, 2000; Suchodoletz, Trommsdorff, Heikamp, Wieber og Gollwitzer, 2009).

Í rannsóknum á hlutverki sjálfstjórnunar í námi á unglingsárum er algengt að spurt sé sérstaklega um getu ungmenna til að beita sjálfstjórnun í námsumhverfi. Barry Zimmerman (2002, 2008) er frumkvöðull á sviði rannsókna á sjálfstjórnun í námi, en kenning hans lýsir því hvernig nemendur setja sér raunhæf námsmarkmið og skilgreina og nota námsaðferðir til að ná þeim, svo sem að taka glósur, einbeita sér að námsefninu, skipuleggja námið og nýta sér markvisst leiðbeiningar kennara. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á tengsl sjálfstjórnunar og gengis í námi á unglings- og fullorðinsárum. Sjálfstjórnunarfærni spáir ekki aðeins fyrir um námsárangur heldur einnig um líkur á því að fólk ljúki námi (Breslau o.fl., 2009; McClelland o.fl., 2017; Moffitt o.fl., 2011).

Rannsóknir á sjálfstjórnun á unglingsárum hafa einnig sýnt fram á tengsl við almennan, farsælan þroska (e. positive youth development). Rannsóknir með ungmennum í ýmsum samfélögum hafa til dæmis sýnt fram á að ungmenni með góða sjálfstjórnargetu hafa meiri trú á eigi getu, jákvæðari sjálfsmynd, eiga betri félagsleg tengsl við jafnaldra og foreldra og leggja frekar eitthvað jákvætt til nærsamfélagsins. Meðal annars hefur verið sýnt fram á slík tengsl meðal íslenskra ungmenna (sjá til dæmis Steinunni Gestsdóttur o.fl., 2015). Að sama skapi hafa rannsóknir sýnt að sjálfstjórnun er mikilvægur verndandi þáttur fyrir börn og ungmenni sem mæta mótlæti, svo sem að alast upp við fátækt. Góð sjálfstjórnun virðist hjálpa börnum og ungmennum að takast á við það álag og streitu sem fylgir erfiðum félagslegum aðstæðum og auðvelda þeim að nýta sem best þau tækifæri sem umhverfi þeirra býður upp á (Buckner, Mezzacappa og Beardslee, 2009). Á móti kemur að slök sjálfstjórnun er tengd ýmiss konar erfiðleikum á unglingsárum, svo sem slöku námsgengi, kvíða, og þátttöku í ýmiss konar áhættuhegðun, svo sem óábyrgri kynhegðun og áfengisneyslu. Góð sjálfstjórnun eykur líkur á að ungt fólk velji markmið sem stuðla að heilbrigði þeirra og auðveldar þeim að leita leiða til að ná þeim markmiðum, til dæmis að eiga ekki of marga bólfélaga eða nota getnaðarvarnir (Brody og Ge, 2001; Buckner o.fl., 2009; Evans o.fl., 2012; Larson og Angus, 2011; Mischel, Shoda og Peake, 1988; Moffitt o.fl., 2011; Moilanen, Crockett, Raffaelli og Jones, 2010; Quinn og Fromme, 2010). Að lokum er vert að nefna sérstaklega líkamlega heilsu, en sjálfstjórnun virðist vera mikilvægur þáttur í því að unglingar (og fullorðnir) stuðli að eigin líkamlegri heilsu, allt frá þyngdarstjórnun til endurhæfingar eftir veikindi (Duckworth, Tsukayama og Geier, 2010; Tsukayama, Toomey, Faith og Duckworth, 2010).

Að lokum bendum við á að hagnýtar rannsóknir tengdar sjálfstjórnun hafa orðið algengar á síðustu árum eða áratug þar sem þróaðar hafa verið leiðir til að hagnýta slíka þekkingu, meðal annars með því að stuðla að uppeldis- og kennsluháttum sem styðja sjálfstjórnunarfærni barna og ungmenna (Blair og Diamond, 2008). Erlendar rannsóknir þess efnis gefa tilefni til að ætla að hægt sé að styðja öll börn og ungmenni í því að þróa

með sér sjálfstjórnunarhæfni til að auðvelda þeim að ná þeim markmiðum sem þau setja sér. Smám saman er að byggjast upp þekking á sjálfstjórnun íslenskra barna og ungmenna (sjá til dæmis Elnu Lyng Magnúsdóttur, Steinunni Gestsdóttur og Kristján Ketil Stefánsson, 2013; Freyju Birgisdóttur, Steinunni Gestsdóttur og Fanneyju Þórsdóttur, 2015; Freyju Birgisdóttur, Steinunni Gestsdóttur og Geldhof, í prentun; Geldhof o.fl., 2015; Kristján Ketil Stefánsson, Steinunni Gestsdóttur, Freyju Birgisdóttur og Lerner, 2018; Kristján Ketil Stefánsson, Steinunni Gestsdóttur og Sigurgrím Skúlason, 2014; Steinunni Gestsdóttur o.fl., 2014, 2015; Steinunni Gestsdóttur, Geldhof, Lerner og Lerner, 2017; Suchodoletz o.fl., 2013). Þrátt fyrir það er mikilvægt að auka þekkingu fagfólks hér á landi á sjálfstjórnun barna og ungmenna og þeim áhrifum sem hún hefur á annan þroska, og að hér séu þróaðar gagnreyndar aðferðir sem stuðla að því að börn og ungmenni geti sem best stýrt eigin hugsun, hegðun og tilfinningum svo að nýtist þeim í skóla- og frístundastarfi.

LOKAORÐ

